

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskimjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. maí til 30. júní 1977.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskimjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. maí til 30. júní 1977:

Fiskimjöl, \$ 7.50 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1 = 192.30. Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 55% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. maí 1977.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 210.

10. maí 1977.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum fyrir Byggingar-samvinnufélag Samtaka aldraðra.

Samkvæmt lögum nr. 59 30. apríl 1973 um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur ráðuneytið í dag staðfest samþykktir fyrir Byggingasamvinnufélag Samtaka aldraðra. Varnarþing félagsins er í Reykjavík.

Félagsmálaráðuneytið, 10. maí 1977.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 211.

12. maí 1977.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Kjalarneshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem lagt er á vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götur ásamt tilheyrandi lögnum, og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götur og gerð gangstétta.

3. gr.

Af lóðum sem ætlaðar eru til íbúðarbygginga skal miða gjöldin við lóðarstærð, sem hér segir:

A-gjald	1200 kr./m ² .
B-gjald	300 kr./m ² .

4. gr.

Þar sem ekki er hægt að beita ákvæðum 3. gr., svo og þegar um er að ræða hús til annarra nota en íbúðar, skal upphæð gjalda miðast við ákveðinn hundradshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

	A-gjald	B-gjald
Íbúðarhús	6—10%	1—2%
Hús til annarra nota	3—6%	1%

Sveitarstjórn ákveður prósentutölu í hverju tilviki. Gjald skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppdrætti.

Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við lágmark 500 m³ fyrir íbúðarhús.

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikninga rúmmáls til gatnagerðargjalds miða við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema að uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

5. gr.

Gjöld samkvæmt 3. og 4. gr. breytast í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Grunntölur þær, sem nefndar eru í 3. gr. miðast við þá vísitölu sem í gildi var 1. mars 1976.

Við ákvörðun upphæðar A-gjalds skal miða við vísitölu þá sem í gildi er, þegar teikning er samþykkt eða lóð úthlutað, en við ákvörðun B-gjalds skal miða við þá vísitölu sem í gildi er þegar gjaldið, eða hluti þess, gjaldfellur.

6. gr.

Gjalddagar A-gjalds skulu vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélagsins, getur sveitarstjórn áskilið, að úthlutun lóðar verði háð því að full skil verði gerð innan ákveðins frests, eða sérstakur samningur gerður um greiðslur, ella falli úthlutunin úr gildi.

Af öðrum lóðum gjaldfellur A-gjaldið þegar teikning er samþykkt.

Sveitarstjórn ákveður greiðsluskilmála.

7. gr.

Gjalddagar B-gjalds skulu vera sem hér segir:

Á sama ári og framkvæmdum við bundið slitlag lýkur falla í gjalddaga 80% gjaldsins, en 20% gjaldsins falla í gjalddaga á því ári sem gerð gangstétta við hlutað-eigandi götu lýkur.

Skylt er sveitarstjórn að tilkynna lóðarhafa um B-gjald með minnst 6 mánaða fyrirvara.

Sveitarstjórn ákveður greiðsluskilmála.

8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka grunntölur samkv. 3. og 4. gr. hvora um sig eða báðar um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

9. gr.

Gatnagerðargjöldum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

10. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að fresta innheimtu gatnagerðargjalda af eigendum fasteigna, sem náð hafa 67 ára aldri og þeim sem eiga við sjúkdóma að stríða.

Verði húseign seld, sem gjaldfrest hefur fengið á gatnagerðargjaldi, skal hreppsnefnd innheimta gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram, enda sé kvðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Kjalarneshrepps, staðfestist hér með samkv. lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. maí 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um nám og starfsréttindi lyfjatekna
nr. 183 4. júní 1973.**

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Lokapróf skal haldið sem hér segir:

1. Verklegt próf í afgreiðslu lyfseðla og lyfjagerð.
2. Verklegt próf í vörubekkingu.
3. Skriflegt próf í heilbrigðis- og hreinlætisháttum, almennri lyfjafræði og lyfjabekkingu.
4. Skriflegt próf í lyfjalöggjöf, lyfjaverðlagningu, eyðublaðatækni og afgreiðslutækni.

Kennarar útbúa prófverkefni í samráði við skólastjórnina. Skólastjórn skipar prófdómara.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 upp í 10.

Til að standast lokapróf skólans, þarf neminn að hafa fengið að minnsta kosti einkunnina 5 í hverju hinna fjögurra, ofanefndra prófa.

Vegna lokaprófa á nemi rétt á upplestrarfríi á fullum launum, allt að tíu dögum í samráði við lyfsala.

Geti neminn ekki gengið undir próf vegna sjúkdóms skal hann skila læknisvottorði. Skal honum þá heimilt að ganga undir sjúkrapróf, sem halda skal við fyrsta tækifæri í samráði við skólastjóra og skólastjórn.

Lokapróf er aðskilið í 2 hluta, annarsvegar skrifleg próf, haldin í maímánuði og verkleg próf, haldin í septembermánuði.